



Fundargerð

485. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn á Klausturvegi 4, Kirkjubæjarklaustri, fimmtudaginn 29. desember 2022, kl. 17:30.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Jóhannes Gissurarson, oddviti, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

Fundargerðir til samþykktar

1. 2212035 - Ípróttta- og tómstundanefnd.

*Fundargerð 82. fundar nefndar, frá 18. desember 2022, lögð fram.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.*

2. 2212036 - Félags- og skólaþjónusta R og V-S.

Fundargerð 68. fundar stjórnar, frá 22. desember 2022, lögð fram.

Sveitarstjórn tók til sérstakar umfjöllunar liði 1 og 2 í fundargerðinni.

Liður 1: Sveitarstjórn Skaftárhrepps, staðfestir ákvörðun stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, að þar tilgreindum starfsmönnum Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu sé falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku í einstökum barnaverndarmálum og öðrum málum þar sem barnaverndarþjónusta fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald.

Liður 2: Sveitarstjórn Skaftárhrepps, staðfestir ákvörðun stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu um að gerast aðili að samningi um rekstur umdæmisráðs barnaverndar fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum og Árborg.

Að öðru leyti var fundargerðin lögð fram til kynningar.

Mál til kynningar

3. 2212034 - Samband íslenskra sveitarfélaga

Bréf frá 16. desember 2022, þar sem greint er frá samkomulagi, um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk milli þriggja ráðuneyta og sambandsins, lagt fram til kynningar.

A.G.
BHS
sh.
GPS
g.g.



Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

4. 2212037 - Ákvörðun um útsvarshlutfall 2023

Fyrir fundinum liggur, tillaga um hækkun útsvarsálagningar vegna fjármögnunar þjónustu við fatlað fólk.


Fyrir liggur samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 16. desember 2022, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar.

Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirliggjandi samkomulagi á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 16. desember 2022, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 16. desember 2022, samþykkir sveitarstjórn Skaftárhrepps, samhljóða að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2023 hækki um 0,22% og verði 14,74%.

Oddviti, pakkaði sveitarstjórn og starfsmönnum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða og óskaði íbúum sveitarfélagsins farsældar á komandi ári.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 17:48


Jóhannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Gunnar Pétur Sigmarsson


Auður Guðbjörnsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson